



Borgarráð

Reykjavík, 14. apríl 2026  
MIR25110015

### **Aðstöðumál tónlistar í borginni**

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs frá 10. apríl sl. Þar er lagt til að Úrbótasjóður tónleikastaða verði endurvakin í samræmi við tillögu spretthóps um eflingu tónleikastaða. Til sjóðsins verði varið 10 m.kr. til úthlutunar á árinu 2026 og sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs verði falið að vinna úthlutunarreglur. Tillagan er fjármögnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs. Jafnframt er lagt til að öðrum tillögum spretthópsins verði vísað til skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs til borgarráðs um aðstöðumál tónlistar í borginni, dags. 13. apríl 2026.

Tillaga um endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða, dags. 8. apríl 2026.

Aðgerðartillögur spretthóps um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík, dags. 27. febrúar 2026.



**Reykjavík**



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026

MIR25110015

## Aðstöðumál tónlistar í borginni

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 10. apríl 2026 var lögð fram tillaga fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna um endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða. Tillagan er svohljóðandi:

*Lagt er til að Úrbótasjóður tónleikastaða verði endurvakinn í samræmi við tillögu spretthóps um eflingu tónleikastaða. Til sjóðsins verði varið 10 m.kr. til úthlutunar á árinu 2026. Sviðsstjóra verði falið að láta vinna úthlutunarreglur. Öðrum tillögum spretthópsins verði vísað til borgarráðs til frekari meðferðar og afgreiðslu.*

Tillögunni fylgdu Aðgerðartillögur spretthóps um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík, dags. 27. febrúar 2026.

Tillagan var samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

*Ein af burðartillögum spretthóps menningar- og íþróttaráðs um eflingu tónleikastaða í borginni var að endurreisa Úrbótasjóð tónleikastaða sem settur var á fót 2020 sem tilraunaverkefni til þriggja ára. Með þessari tillögu er tryggt fjármagn 10 m. kr. til að setja Úrbótasjóðinn á laggirnar á ný strax á þessu ári með það fyrir augum að hann geti rennt stóðum undir öflugara tónleikahald í borginni. Öðrum tillögum spretthópsins m.a. um einföldun leyfisveitingaferlis tónleikastaða er vísað til borgarráðs til meðferðar og afgreiðslu með frómri ósk um að strax verði sett í ferli að einfalda ferlið þar með talið að tónleikastaðir geti sótt um einn leyfispassa fyrir viðburðarhald í tengslum við stórar hátíðir á sumrin, s.s. 17. júní, Hinsegin daga og Menningarnótt.*

Tillagan og bókunin voru færð í trúnaðarbók en trúnaði átti að aflétta samhliða því að málið færi fyrir borgarráð til afgreiðslu.

### Greinargerð:

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 28. nóvember 2026 var skipaður spretthópur um aðstöðumál tónlistar í borginni. Spretthópurinn skilaði af sér Aðgerðartillögum spretthóps um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík, þann 27. febrúar 2026. Meðal þeirra tillagna sem vísað er til borgarráðs til frekari meðferðar og afgreiðslu eru að tónleikastaðir verði viðurkenndir sem mikilvægir menningarlegir innvirðir, tónleikastöðum verði gert mögulegt að sækja um sumarleyfi (einn leyfispassa fyrir viðburðarhald í tengslum við stóra hátíðardaga) og að leyfismál verði straumlínulöguð.



Reykjavík



Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson  
*sviðsstjóri menningar- og íþróttasvið*

Hjálagt:

Tillaga um endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða

Aðgerðartillögur spretthóps um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík, dags. 27. febrúar 2026.



Reykjavík, 8. apríl 2026

MIR25110015

## TILLAGA

### Tillaga um endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða

Lagt er til að Úrbótasjóður tónleikastaða verði endurvakinn í samræmi við tillögu spretthóps um eflingu tónleikastaða. Til sjóðsins verði varið 10 m.kr. til úthlutunar á árinu 2026. Sviðsstjóra verði falið að láta vinna úthlutunarreglur. Öðrum tillögum spretthópsins verði vísað til borgarráðs til frekari meðferðar og afgreiðslu.

#### Greinargerð:

Spretthópur um lifandi tónlistarflutning í Reykjavík skilaði tillögum 27. febrúar sl. Spretthópnum var ætlað að meta stöðu lifandi tónlistarflutnings í borginni og leggja fram tillögur að bættri aðstöðu til tónleikahalds; tónlistarfólki, tónleikastöðum, almenningi og ferðafólki til heilla.

Niðurstöður sýna að tónleikastaðir glíma við kerfislægan rekstrarvanda.

Spretthópurinn telur aðstöðu til lifandi tónlistarflutning í miðbæ Reykjavíkur kalla á aðgerðir svo áhrif núverandi stöðu muni ekki setja svip sinn á næstu áratugi íslensks tónlistarlífs, með meðfylgjandi áhrifum á ímynd Reykjavíkurborgar sem skapandi borg.

Mikilvægt er að viðurkenna smærri tónleikastaði sem lykilmennningarinnviði og auka sýnileika og aðgengi lifandi tónlistar. Með markvissum aðgerðum má snúa þróuninni við og styrkja stöðu íslenskrar tónlistar.

Úrbótasjóður var settur á laggirnar árið 2019 sem tímabundið tveggja ára verkefni en starfaði í reynd í þrjú ár (2020–2022) við afar góðar undirtektir.

Hlutverk úrbótasjóðsins var að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í Reykjavík sem og menningarhús sem sinna lífandi tónlistarflutningi með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi.

Með þessu var stuðlað að áframhaldandi lifandi tónlistarflutningi í borginni, sem styrkir tónlistarlífið og eflir mannlíf. Sjóðurinn var samfjármagnaður þar sem Reykjavíkurborg lagði til 8 m.kr. á ári, en fagfélög tónlistargeirans 1,8 m.kr.

Styrkir úr úrbótasjóði hafa haft langvarandi og kröftug áhrif. Lífandi tónlist og menningarstarfsemi eru lykilþættir í að skapa aðlaðandi borgarumhverfi fyrir íbúa jafnt sem innlenda og erlenda gesti.

Tillagan verði fjármögnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingu sem nánar er útlistuð í sérstakri tillögu lögð fram á fundi menningar- og íþróttaráðs 10. apríl 2026.



Reykjavík

### **Aðgerðartillögur spretthóps um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík**

Spretthópur um stöðu lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík hefur hér tekið saman greinargerð og aðgerðartillögur til menningar- og íþróttaráðs. Spretthópnum var ætlað að meta stöðu lifandi tónlistarflutnings í borginni og leggja fram tillögur að bættri aðstöðu til tónleikahalds; tónlistarfólki, tónleikastöðum, almenningi og ferðafólki til heilla.

Greinargerð og aðgerðartillögur voru teknar saman af verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavík fyrir Menningar- og íþróttaráð.

#### **Spretthópin skipuðu:**

Ása Dýradóttir, formaður (f.h. Tónlistarborgarinnar Reykjavík),  
María Rut Reynisdóttir (f.h. Tónlistarmiðstöðvar),  
Hallur Ingólfsson (f.h. Tónlistarráðs),  
Ísleifur Þórhallsson og Steinunn Camilla Sigurðardóttir (f.h. Bandalags íslenskra tónleikahaldara).

Spretthópur vann tillögurnar í samráði við SST (Samtök smærri tónleikastaða)

#### **Til grundvallar mati og tillögum hópsins voru eftirfarandi gögn:**

Gagnaöflun frá opnum fundi með tónleikastöðum (Viðauki 1)

Yfirlit yfir tónleikastaði 2026 og 2017 (Viðhengi 2)

Stöðuskýrsla frá Rannsóknarsetri Skapandi Greina (Viðhengi 3)

## Yfirlit

<b>Tónleikastaðir í Reykjavík</b> .....	3
<b>Staðan í dag</b> .....	3
Helstu kerfislægu áskoranir .....	3
Fjármál og aðstaða .....	3
Regluverk og leyfi .....	3
Skipulag og borgarumhverfi.....	4
Menning og viðhorf .....	4
Afleiðingar núverandi stöðu .....	4
<b>Þróun mála í ársbyrjun 2026</b> .....	5
Kortlagning tónleikastaða – viðtöl og úttekt .....	5
SST (Samtök smærri tónleikastaða).....	5
<b>Mat spretthóps</b> .....	6
<b>Aðgerðartillögur spretthóps</b> .....	6
1. Tónleikastaðir viðurkenndir sem mikilvægir menningarlegir innviðir .....	6
2. Úrbótasjóður .....	6
3. Sumarleyfi tónleikastaða .....	6
4. Straumlínulögun leyfismála .....	6
Lokaorð .....	7
Viðauki 1 - Fundarpunktur frá fundi með tónleikastöðum 7. janúar.....	8
Viðauki 2 - Yfirlit yfir tónleikastaði 2026 og 2017 .....	13
Viðauki 4 – Stöðuskýrsla frá Rannsóknarsetri Skapandi Greina .....	15

## Tónleikastaðir í Reykjavík

Tónleikastaðir í Reykjavík eru um 20 talsins (Viðauki 2), en í þeirri tölu eru meðtaldir staðir sem bera annan rekstur og tónlistarflutningur er tilfallandi.

Ef skoðuð eru gögn frá 2017 um úttekt tónleikastaða í borginni (Viðauki 2) má sjá að stór hluti þeirra smærri tónleikastaða sem voru starfrækir á þeim tíma hafa lagt niður starfsemi, staðir sem báru svið og góða tónleikaaðstöðu. Lífandi tónleikahald í miðborg Reykjavíkur hefur á síðasta áratug færst frá sviðum smærri tónleikastaða (með áheyrendafjölda milli 100-250) yfir í rými sem byggja starfsemi sína á öðrum rekstri, sbr. plötubúðir, kaffihús, bíósalir o.fl.

Í Naustunum standa þrjú tónleikastaðir auðir sem áður hýstu lífandi tónlistarflutning, Húrra, The Bird (áður Amsterdam) og Gaukurinn, en Gaukurinn og The Bird hættu tónleikahaldi árið 2025, The Bird alfarið en Gaukurinn að flestu leyti. Ýmsir staðir hafa skellt í lás á síðustu árum, en lokun tónleikastaðarins Húrra skók reykvískt tónlistarsamfélag árið 2023 og lokun KEX vakti athygli á alþjóðavísu í kjölfar [greinar sem birtist í The Guardian árið 2024](#).

Það er áhyggjuefni að reykvíska tónlistarsamfélagið hafi ekki sviðsaðstöðu til að flytja lífandi tónlist, en slík aðstaða er lykilatriði þess að listamenn, íslensk tónlist og tónleikamenning borgarinnar haldi áfram að þróast og dafna. Íslensk tónlist hefur í nær hálfa öld verið á heimsmaelikvarða og með hverjum listamanni eða hljómsveit sem slær í gegn utan landsteinanna styrkist ímynd Reykjavíkurborgar til muna. Smærri tónleikastaðir þurfa að vera haldast starfrækir og aðgengilegir svo að íslensk tónlist geti haldið áfram að blómstra.

## Staðan í dag

Tónleikastaðir á höfuðborgarsvæðinu standa frammi fyrir kerfislægum rekstrarvanda. Þrátt fyrir hátt menningarlegt gildi staðanna er tónleikahald ekki sjálfbært fjárhagslega og er víða haldið uppi með tekjum af veitingasölu, sem er ótryggur rekstrargrundvöllur.

## Helstu kerfislægu áskoranir

### Fjármál og aðstaða

- **Rekstur staðanna tapar á tónleikahaldi** sökum kostnaðar, bar og veitingasala halda rekstrinum gangandi og sumir tryggja rekstur með starfsemi utan veggja staðanna. Tónleikahaldið er keyrt á persónulegri ástríðu rekstraraðila gagnvart lífandi tónlist og jafnvel vel rekin, skuldlaus fyrirtæki lenda í taprekstri.
- **Mikil þörf er á úrbótum innviða** líkt og hljóð-, og ljósakerfum, mixer, endurbótum eða uppsetningum sviða, úrbótum vegna aðgengismála, hljóðeinangrunar o.fl.
- **Hár fastur kostnaður** í formi leiguverðs, leyfismála, starfsmannakostnaðar, gæsluþjónustu, eftirlits, markaðssetningar og tækni.

### Regluverk og leyfi

- **Leyfiskostnaður étur upp hagnað** í flóknu og ófyrirsjáanlegu leyfisumhverfi. Leyfisveitingar til tónleikahalds utandyra á hátíðardögum er kostnaðarsamt og óaðgengilegt að mati tónleikastaðanna.
- **Kvartanir einstaka nágretta eða hótelleksturs vega þungt** og hafa mikil áhrif á tónleikahald.

- **Vaxandi gjaldtaka í miðasölu** (allt að 6% + kortagjöld) þrýstir á miðaverð sem kemst í þolmörk almennings.
- **Enginn virðisaukaskattur á tónlistarflutningi** sem útilokar endurgreiðslur VSK af kostnaði.

### Skipulag og borgarumhverfi

- **Kerfislægt neikvætt viðhorf** til smærri tónleikastaða sem einungis „búllur eða barir“ , þrátt fyrir að þeir séu grunnstoð tónlistarlífsins í Reykjavíkurborg.
- Óljós stefna um **hvar tónleikastaðir eiga heima í borginni**.
- Íbúða- og hótelluppbygging myndar árekstra við starfandi staði.
- **Skerpa þarf á regluverki um ábyrgð breytingaraðila í borgarskipulagi** (e. agent of change), sá sem veldur breytingunni ber ábyrgðina. Þ.e. ef ný starfsemi flytur í grennd við tónleikastað ber nýi aðilinn ábyrgð á aðlögun, ekki tónleikastaðurinn. Slíkt regluverk ætti að fylgja stöðunum/byggingunum sjálfum en ekki kennitölum rekstraraðila.
- Skortur er á hvötum fyrir fasteignafélög til að leigja út undir menningarstarfsemi.

### Menning og viðhorf

- Þörf er á opinberri viðurkenningu á tónleikastöðum sem **mikilvægum menningarinnviðum** í Reykjavíkurborg.
- Tónleikastaðir þurfi að vera aðgengilegir grasrót og ungu tónlistarfólki í takt við samkeppni annarrar afþreyingar og breytt neyslumynstur ungs fólks.

### Afleiðingar núverandi stöðu

- Grasrót og miðbik tónlistargeirans eru orðin heimilislaus.
- Núverandi þróun stefnir í átt að tónlistarlegu eyðilandi í miðbænum.
- Aðgerðaleysi gagnvart núverandi stöðu gæti komið í veg fyrir framþróun tónlistarfólks og skapað stór kynslóðaskil í íslensku tónlistarlífi.
- Nýjar hljómsveitir og listafólk eiga sífelld erfiðara með að stíga sín fyrstu skref.
- Ferðamenn og almenningur komast illa í tæri við lifandi tónlistarflutning í borginni.

## Þróun mála í ársbyrjun 2026

### Kortlagning tónleikastaða – viðtöl og úttekt

Tónlistarborgin Reykjavík gerði samning í byrjun febrúar 2026 við Rannsóknarsetur Skapandi Greina um úttekt og kortlagningu á reykvískum tónleikastöðum, með tilliti til leiguumhverfis, verðbólgu og áhrif ferðamannaíðnaðar (Viðauki 4). Tónlistarborgin fær lokaskýrslu sannsóknar í maí 2026. Auk rannsóknarinnar er einnig kveðið á í samningnum framkvæmt árlegrar örkönnunar (e. pulse survey) sem Rannsóknarsetrið mun bera undir tónleikastaðina í janúar á ári hverju, til þriggja ára.

Tónlistarborgin telur rannsóknina mikilvægan lið í gagnaöflun um stöðu lifandi tónlistarflutnings, en skorturinn á tölulegum gögnum síðasta áratuginn er mikill og í ljósi þess er ómögulegt að meta þróun og framvindu í lifandi tónlistarflutningi í Reykjavík.

Framkvæmdaraðilar rannsóknarinnar f. hönd Rannsóknarseturs skapandi greina eru Michael Hendrix, Erla Rún Guðmundsdóttir og Steinunn Hauksdóttir.

### SST (Samtök smærri tónleikastaða)

Í upphafi vinnunnar við stöðumat lifandi tónlistarflutnings í borginni rak verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar sig strax á þann vegg að smærri tónleikastaðir í borginni eru ekki hluti af fagfélagi. Þrátt fyrir náið samstarfs og innsýn í starfsemi smærri tónleikastaða gat verkefnastjóri ekki skipað rekstraraðila í hópinn heldur eingöngu skipað í spretthópinn gegnum fagfélög til að gæta armslengdar í starfi (e. arms length).

Vegna þessa efndi spretthópurinn til opins fundar í Mengi þann 7. janúar og boðaði forsvarsfólk allra staða í Reykjavík sem bjóða upp á lifandi tónlistarflutning oftast tvisvar í mánuði. Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar hélt utan um leiddar umræður og spretthópurinn safnaði gögnum og tillögum frá tónleikastöðunum með áherslu á að allar raddir kæmust að. Á fundinum var lögð áhersla á stofnsetningu fagfélags tónleikastaða og samtökin SST (Samtök smærri tónleikastaða) voru stofnuð í kjölfar fundarins, en samtökin hafa nú kosið sér stjórn og formann. Stjórn og formennska samtakanna er eftirfarandi:

#### **Formaður SST**

Geoffrey P. Huntingdon-Williams (Prikið)

#### **Stjórnarmeðlimir SST**

Magnús Hallur Jónsson (Hannesarholt)

Ólöf Arnalds (Mengi)

Lárus Jóhannesson (12 Tónar)

Jón Bjarni Steinsson (Dillon)

## Mat spretthóps

Spretthópurinn telur aðstöðu til lifandi tónlistarflutning í miðbæ Reykjavíkur kalla á aðgerðir svo áhrif núverandi stöðu muni ekki setja svip sinn á næstu áratugi íslensks tónlistarlífs, með meðfylgjandi áhrifum á ímynd Reykjavíkurborgar sem skapandi borg. Það þarf að viðurkenna smærri tónleikastaði sem mikilvæga menningarlega innviði og léttu róðurinn hjá tónleikastöðum.

Lifandi tónlistarflutningur þarf að vera sýnilegri og tryggja þarf að lifandi tónlist sé áberandi og aðgengileg tónlistarfólki, almenningi og ferðamönnum í Reykjavíkurborg.

Spretthópurinn telur að með nokkrum aðgerðum væri hægt að snúa vörn í sókn, tónleikastaðirnir og sviðin eru enn á sínum stað þó margir hafi skellt í lás, tónlistarfólkið okkar er enn á heimsmælikvarða, nú í auknari mæli en nokkru sinni fyrr, og enn er íslensk tónlist ofarlega sem ástæðan fyrir því að fólk ferðast hingað til lands.

## Aðgerðartillögur spretthóps

### 1. Tónleikastaðir viðurkenndir sem mikilvægir menningarlegir innviðir

Reykjavíkurborg viðurkenni opinberlega og innan borgarráðs að tónleikastaðir séu mikilvægir menningarlegir innviðir. Þeir séu burðarliður í menningarumhverfi borgarinnar og hafi rétt til að starfa gegnum regluverk um ábyrgð breytingaraðila (e. agent of change). Starfsemi þeirra sé ekki skyldug til að lúta í lægra haldi fyrir íbúða- og hótelluppbyggingu ef staðurinn var starfrækur á undan uppbyggingunni. Rétturinn skal tengjast tónleikastöðunum sjálfum en ekki kennitölum rekstraraðila.

### 2. Úrbótasjóður

Úrbótasjóður tónleikastaða verði endurvakinn og veita skal árlegar úthlutanir upp á 20 m. kr. úr borgarsjóði. Umsýsla sjóðsins og skipanir í valnefnd verður í höndum verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar líkt og áður þegar sjóðurinn var starfrækur. Hér er fordæmi þar sem Úrbótasjóð var komið á fót árið 2019 sem tímabundnu verkefni til 2 ára en var síðan starfrækur í 3 ár (2020, 2021 og 2022) við afar góðar undirtektir. Styrkir úr úrbótasjóði hafa langvarandi og kröftug áhrif.

### 3. Sumarleyfi tónleikastaða

Tónleikastaðir skuli geta sótt um einn leyfispassa fyrir viðburðahaldi í tengslum við stóra hátíðardaga á sumrin; 17. júní, Pride og Menningarnótt. Umsóknarferlið skuli vera einfalt og aðgengilegt, og leyfiskostnaður í lágmarki. Útítonleikum og bjórsölu skal lokið innan tilsettra tímamarka.

### 4. Straumlínulögun leyfismála

Heilbrigðiseftirlit skuli skipa einn aðila sem tengilið fyrir reykviska tónleikastaði hvað varðar leyfismál. Umsóknarferli skulu vera gagnsæ og á netinu.

## Lokaorð

Spretthópurinn vill taka fram að þó að þungt sé í ári hjá öllum rekstraraðilum tónleikastaðanna var samstarf milli þeirra og spretthóps af trausti og jákvæðni í garð vinnunnar. Spretthópurinn telur afar mikilvægt að vinnan leiði til breytinga í þágu lifandi tónlistarflutnings í borginni og íslensks tónlistarsamfélags yfir höfuð. Aðgerðartillögurnar eru vel ígrundaðar og telur spretthópurinn þær bæði raunhæfar og líklegar til að skipta sköpum á sviðum lifandi tónlistar.

Þó vill spretthópurinn taka það fram að vinnan miðaði eingöngu við hvað Reykjavíkurborg getur gert til stuðnings tónleikastöðum. Spretthópurinn telur að ef að lyfta eigi lifandi tónlistarflutningi upp á sem áhrifaríkastan hátt þurfi að innleiða stuðningskerfi Danmerkur og Noregs til tónleikastaða, og kveður það á um dýnamískt samstarf ríkis og sveitafélaga. Spretthópurinn er tilbúinn í samræður um slíkar aðgerðir og vonast til að þær eigi sér stað í náninni framtíð.

## Viðauki 1 - Fundarpunktur frá fundi með tónleikastöðum 7. janúar

**Þann 7. janúar 2026 efndi spretthópur tónleikastaða til fundar með rekstraraðilum tónleikastaða og fagaðila úr íslensku tónlistarumhverfi í Mengi, Óðinsgötu 2.**

Fundinn sátu:

### **Spretthópur:**

Ása Dýradóttir, formaður (f.h. Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur)

María Rut Reynisdóttir (f.h. Tónlistarmiðstöðvar)

Hallur Ingólfsson (f.h. Tónlistarráðs)

Ísleifur Þórhallsson og Steinunn Camilla Sigurðardóttir (f.h. Bandalags íslenskra tónleikahaldara)

### **Forsvarsfólk tónleikastaða:**

Vala Magnúsdóttir (Hannesarholt)

Ægir Sindri Bjarnason (R6013)

Jón Bjarni Steinsson (Dillon)

Snæbjörn Brynjarsson (Tjarnarbíó)

Elísabet Indra (Harpa)

Sigurjón Garðarsson (Kabarett)

Geoffrey Þór Huntingdon Williams (Prikað)

Tómas Torrini (Lemmy)

Ægir Dagsson (Kaffibarinn)

Sandra María (Gaukurinn)

Hallur Snjókaldu Jónsson (IÐNÓ)

Ívar Pétur Kjartansson (Austurbæjarbíó)

Einar Þór Kristjánsson (12 Tónar)

Pan Thorarensen (Space Odyssey)

Solveig María (Gamla Bíó)

Helga Guðrún (Regnboginn)

Björn Hlynur Haraldsson (Ölver)

Axel Ingi Árnason (Salurinn)

### **Tónlistarsamfélag**

Gunnar Hrafnsson (FÍH)

Margrét Hrafnisdóttir (FÍT)

Jakob Frímagn Magnússon (Tónlistarráð)

Jóna Hlíf Halldórsdóttir (BÍL)

Erla Rún (Rannsóknarsetur Skapandi Greina)

Michael Hendrix (Rannsóknarsetur Skapandi Greina)

Helga Guðný Sigurðardóttir (STEF)

Egill Helgason (stuðningsmaður)

### **Menningarborgin Reykjavík**

Arnfríður S. Valdimarsdóttir

Inga María Leifsdóttir

Á fundinum kom skýrt fram að þörf sé á að Reykjavíkurborg viðurkenni smærri tónleikastaði borgarinnar sem mikilvæga menningarlega innviði í orði og verki. Líta þurfi til Norðurlandanna hvað varðar stuðning sveitafélaga til tónleikastaða. Farið var yfir þau atriði sem raunhæft væri að leggja á borð og hvaða atriði ættu að vera í forgangi.

Af fundinum að dæma eru margir tónleikastaðanna á síðustu metrunum hvað varðar að halda áfram rekstri, augljóst er að þróunin verður grafalvarleg fyrir Reykjavík sem menningarborg ef ekkert verður við hafist.

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar hélt utan um leiddar umræður þar sem rekstraraðilar fengu orðið, öll gögn og aðgerðartillögur voru skráðar.

Samantekt fundarpunkta

## 1. Staða smærri tónleikastaða og dæmi um aðgerðartillögur til Reykjavíkurborgar

### Samantekt – staða tónleikastaða í dag

Tónleikastaðir á höfuðborgarsvæðinu standa frammi fyrir kerfislægum rekstrarvanda. Þrátt fyrir hátt menningarlegt gildi staðanna er tónleikahald ekki sjálfbært fjárhagslega og er víða haldið uppi með tekjum af veitingasölu, sem er ótryggur rekstrargrundvöllur.

Helstu einkenni stöðunnar:

- **Rekstur staðanna tapar á tónleikahaldi**, bar og veitingasala halda rekstrinum gangandi. Tónleikahaldið er keyrt á persónulegri ástríðu rekstraraðila gagnvart lifandi tónlist.
- **Mikil þörf er á úrbótum innviða** (hljóðkerfi, svið, ljós, aðgengi)
- **Hár fastur kostnaður**: starfsfólk, gæsluþjónusta, eftirlit, markaðssetning, leyfisgjöld.
- **Flókið og ófyrirsjáanlegt leyfisumhverfi**, sérstaklega vegna tækifærisleyfa og kvartana frá nærumhverfi.
- **Vaxandi gjaldtaka í miðasölu** (allt að 6% + kortagjöld) sem þrýstir á miðaverð.
- **Enginn virðisaukaskattur á tónlistarflutningi**, sem útilokar endurgreiðslur VSK af kostnaði.
- **Kerfislegt neikvætt viðhorf** til smærri tónleikastaða sem „bara bari“, þrátt fyrir að þeir séu grunnstoð tónlistarlífsins í Reykjavíkurborg.

Afleiðingar:

- Grasrót tónlistarlífsins er **orðin heimilislaus**.
- Miðbik tónlistargeirans veikist mest.
- Nýjar hljómsveitir og listafólk eiga sífellt erfiðara með að stíga sín fyrstu skref.
- Ferðamenn finna síður lifandi íslenskt tónlistarlíf allt árið.

## 2. Helstu kerfislægu áskoranir

### 2.1 Fjárhagslegar

- Tónleikastaðir eru **háðir veitingasölu og áfengi**.
- Miðaverð kemst í þolmörk almennings.
- Taprekstur jafnvel hjá vel reknu, skuldlausu fyrirtæki.

### 2.2 Regluverk og leyfi

- Leyfiskostnaður étur upp hagnað.
- Skylda um hlé á sumum stöðum hvetur til áfengissölu fremur en tónlistarupplifunar.
- Sama leyfisferli óháð reynslu rekstraraðila.

### 2.3 Skipulag og borgarumhverfi

- Óljós stefna um **hvar tónleikastaðir eiga heima í borginni**.
- Íbúða- og hótelluppbygging myndar árekstra við starfandi staði.
- Skortur á hvötum fyrir fasteignafélög til að leigja út undir menningarstarfsemi.

### 2.4 Menning og viðhorf

- Engin viðurkenning á tónleikastöðum sem **mikilvægum menningarinnviðum** í Reykjavíkurborg.
- Ójafnræði í samanburði við stærri stofnanir (t.d. Hörpu).
- Samkeppni annarrar afþreyingar og breytt neyslumynstur ungs fólks.

## 3. Aðgerðartillögur

### 3.1 Einfaldur og beinn rekstrarstuðningur

- Stofna **sérstakan stuðningssjóð fyrir smærri tónleikastaði**.
- Stuðningur sé:
  - Fyrirsjáanlegur
  - Aðgengilegur
  - Ekki umsóknarþungur
- Meðhöndla tónleikastaði sem **menningarinnviði**, ekki veitingarekstur.

### 3.2 Skatta- og gjaldaleiðréttingar

- Skoða:
  - **Fasteignaskattaafslátt** fyrir tónleikastaði.
  - Endurgreiðslur sem mótvægi við skort á VSK-endurgreiðslu.

- Útvíkkun **25% endurgreiðslukerfis** til tónleikastaða og tónlistarhátíða.

### 3.3 Leyfis- og regluverksumbætur

- Einfalda leyfisumsóknir:
  - Sameiginlegt leyfi fyrir stóra tónlistartengda daga í miðbænum (Pride, Menningarnótt, 17. júní).
- Innleiða „ökuskírteini rekstraraðila“:
  - Reyndir aðilar fá einfaldara ferli.
- Endurskoða skyldu um hlé á tónleikum.

### 3.4 Skipulagsmál og borgarstefna

- Skýra:
  - Vill borgin hafa tónleikastaði í miðborginni?
  - Hvar og með hvaða vernd?
- Taka skal upp **agent of change** kerfi.
- Tryggja vernd svæða þar sem tónleikastaðir eru þegar til staðar.

### 3.5 Stuðningur við innviði og nágretta

- Endurvekja styrki til:
  - Hljóðeinangrunar
  - Uppfærslu á tæknibúnaði
- Styrkir geti einnig náð til nágretta til að minnka árekstra.

### 3.6 Markaðssetning og samstarf

- Allir tónlistarviðburðir geti verið **co-hostaðir af Tónlistarborginni**.
- Sameiginleg markaðssetning fyrir:
  - Íslendinga
  - Ferðamenn
- Auka samkeppni og gagnsæi í miðasöluferfum.

### 3.7 Ný rekstrarmódel

- Prófa „**Dillon-módelið**“ fyrir grasrót:
  - Staður lánar húsnæði
  - Listafólk rukkar sjálf inn
- Skoða:
  - Sjálfbóðaliðamódel (með lagalegum ramma)

- Almannaheillafélög sérstaklega fyrir tónleikahald

#### 4. Rök í þágu breytinga

- **Enginn byrjar í Hörpu** – tónleikastaðir eru undirstaða alls tónlistarlífs.
- Íslensk tónlist:
  - Styrður lýðheilsu og velferð
  - Skapar borgarímynd
  - Dregur að ferðamenn allt árið
  - Er ein helsta menningarlega prýði Íslands
- Kostnaður borgarinnar er **lítill miðað við ávinninginn**.
- Án aðgerða:
  - Lokanir
  - Menningarlegt eyðiland
  - Minni útflutningur tónlistar til lengri tíma
  - Kynslóðaskil tónlistarfólks - end of an era

## Viðauki 2 - Yfirlit yfir tónleikastaði 2026 og 2017

### Janúar 2026 – Yfirlit yfir staði í Reykjavík sem hýsa lifandi tónlistarflutning

Ef bornir eru saman tónleikastaðir frá 2017 til 2026 má sjá að tala þeirra er ekki ósvipuð, en mikill munur er á aðstöðu staðanna, þarf sem þróunin hefur orðið frá sviði tónleikastaða yfir á gólf staða með annan meginrekstur og mun færri tíðni tónleika.

Árið 2026 eru aðeins þrjú staðir sem reka sig fyrst og fremst sem tónleikastaði;

- Grasrótarrýmið R6013
- Harpa
- Tilraunatónlistarrýmið Mengi

Hinir 22 staðirnir byggja rekstur sinn á einkasamkvæmum, leikhúsi, bíó, verslunar eða veitinga-, og barrekstri.

Staður	Staðsetning	Staður	Staðsetning
Gamla Bíó	Ingólfsstræti 2A	Harpa	Austurbakki 2
Prikið	Bankastræti 12	Kaffibarinn	Bergstaðastræti 1
Austurbæjarbíó	Snorrabraut 37	Tónabíó	Skipholt 33
Lemmy	Austurstræti 20	Space Odyssey	Bergstaðastræti 4
Gaukurinn (starfsemi skert)	Tryggvagata 22	Smekkleysa plötubúð	Hverfisgata 32
Iðnó	Vonarstræti 3	Lucky Records	Rauðarárstígur 10
Hannesarholt	Grundarstígur 10	12 Tónar	Skólavörðustígur 15
R6013	Ingólfsstræti 20	Röntgen	Hverfisgata 12
Dillon	Laugavegur 30	Hús M&M	Laugavegur 18
Mengi	Óðinsgata 2	Háskólabíó	Hallgerðargata 13
Tjarnarbíó leikhús	Tjarnargata 12	Ölver	Álfheimar 74
Kaffi Flóra (sumaropnun)	Grasagarðurinn	Kabarett	Bankastræti 5
Regnboginn (Bar bíó Paradís)	Hverfisgata 54		
Norræna húsið			

## Janúar 2017 - Yfirlit yfir staði í Reykjavík sem hýsa lifandi tónlistarflutning

Staður	Staðsetning	Staður	Staðsetning
Gamla Bíó	Ingólfsstræti 2A	Harpa	Austurbakki 2
Prikið	Bankastræti 12	Kaffibarinn	Bergstaðastræti 1
Austurbæjarbíó	Snorrabraut 37	Hverfisbarinn	
Gaukurinn	Tryggvagata 22	KEX	
Húrra	Tryggvagata 22	Hressó	
Iðnó	Vonarstræti 3	Lucky Records plötubúð	Rauðarárstígur 10
R6013	Ingólfsstræti 20	12 Tónar	Skólavörðustígur 15
Græna Herbergið		Bar Ananas	Hverfisgata 12
Dillon	Laugavegur 30	Paloma	
Mengi	Óðinsgata 2	Háskólabíó	Hallgerðargata 13
Tjarnarbíó leikhús	Tjarnargata 12	Ölver	Álfheimar 74
Hard Rock	Grasagarðurinn	Boston	Bankastræti 5
Vintage Box	Hverfisgata 54	Amsterdam	
Norræna húsið		Bravó	
Bryggjan		Slippbarinn	

## Viðauki 3 – Stöðuskýrsla frá Rannsóknarsetri Skapandi Greina

Athugið að endanlegum niðurstöðum rannsóknar verður skilað í vor. Hér að neðan er stöðuskýrsla frá Rannsóknarsetrinu frá 25. febrúar 2026:

### Reykjavík Live Music Ecosystem: 2022–2025 Statistical and Qualitative Analysis

#### Executive Summary

The Reykjavík live music ecosystem is currently characterized by a paradox of rising event volume and deepening structural fragility. Between 2022 and 2025, total live music events increased by 45%, yet this growth is heavily concentrated in institutional concert halls and mid-to-large capacity venues. Conversely, the grassroots and DIY sectors, while maintaining absolute event numbers, are declining significantly as a share of total programming.

The ecosystem faces a systemic sustainability crisis. Small-to-mid-sized venues operate on a "subsidization model" where live music generally loses money and is supported by alcohol sales or auxiliary businesses like darts or stand-up comedy. Rising property taxes and high alcohol taxes have placed many venues into a precarious position. Furthermore, rapid urban development, short term vacation rentals and hotel expansion have introduced a wave of noise complaints that limit operational hours and discourage louder genres like rock, hip hop and metal. Without targeted municipal intervention—specifically regarding the "Agent of Change" principle (introduced in 2018) and direct infrastructure support—Reykjavík faces a potential "generational break" in its musical cultural heritage.

---

#### 1. Quantitative Ecosystem Trends (2022–2025)

Data provided by Mobilitus event-scraping systems reveals a significant redistribution of live music activity across the city's postal codes (101–107).

##### Overall Event Growth

- **Total Events:** Increased from 1,931 in 2022 to 2,794 in 2025 (+45%).
- **Concert-Focused Venues:** Experienced the strongest growth, increasing programming by 115% and growing their total market share from 19.5% to 29.1%.
- **Secondary Venues:** Historically the backbone of the scene, these venues grew by only 8% and saw their share of total programming drop from 64% to 48%.

##### The Venue Ladder and Capacity Shifts

The concept of the "venue ladder" introduced in the report, *Aðstaða til tónleikahalds í Reykjavík* (2017) was articulated in *The Mastering of a Music City* (2015) by Music Canada as a way of describing the continuum of live performance spaces necessary to sustain a thriving music ecosystem.

While exact definitions vary, venues tend to cluster around recognizable ranges: grassroots spaces below roughly 150 capacity; small clubs between approximately 150 and 400; mid-size halls between 400 and 1,000; large theatres between 1,000 and 3,000; and arenas above 5,000. These bands are not formal regulations but working classifications derived from urban music policy studies, industry reporting, and touring market conventions. Together, they provide an evidence-based framework for evaluating whether a city offers artists viable, incremental steps up the live performance ladder.

In Reykjavík the growth of the ecosystem is bifurcated, with significant expansion at the top and moderate growth in small clubs, while the bottom of the ladder stagnates.

Venue Tier	Capacity	Event Growth (2022–2025)	Share of Total Programming
<b>Grassroots / DIY</b>	≤150	+10%	<b>Down</b> (38% to 29%)
<b>Small Clubs</b>	150–400	+41%	Stable (35–37%)
<b>Mid-Size Venues</b>	400–1,000	+60%	Stable (16–17%)
<b>Large Theatres</b>	1,000–3,000	+180%	<b>Up</b> (7% to 14%)

This redistribution highlights how rapid expansion in institutional venues has reshaped the overall event landscape, even as the absolute number of secondary-venue events grew only modestly.

The strongest relative growth occurred in Harpa’s stages, which aligns with the qualitative observation that top-tier institutional activity is expanding even as grassroots sustainability remains strained. “People only pay for what they know,” observed one venue operator.

**Notable Exits and Churn**

Secondary venues exhibit the highest volatility. Between 2022 and 2025, notable central venues disappeared from the dataset, including **Bravó, Húrra, and Kex Hostel**. Several others, such as the **Hard Rock Café** and **Austurbæjarbíó** (which opened again at a later date), ceased live music operations or closed entirely before 2022. This trend confirms qualitative reports of a shrinking "middle tier."

**2. Economic Realities and Business Models**

The financial sustainability of live music venues in Reykjavík is currently dependent on non-musical revenue streams and personal operator passion rather than ticket sales.

**The "Alcohol Subsidy" Model**

- **Revenue Conflict:** Live music is frequently described as a "loss-leader." Venue operators report that stand-up comedy, operas, and even "dart businesses" generate profit, while experimental music, dance, and rock concerts typically lose money or merely break even.

- **Alcohol Taxes:** Multiple operators (e.g., Austurbæjarbío, 12 Tónar, Kaffibarinn) highlight that alcohol taxes can be higher than the profit margin on the sales themselves. The government is frequently cited as the entity making the most money from these transactions.
- **Labor and Volunteerism:** Successful shows often rely on someone "volunteering something"—either the musician, the technician, or the operator—to make the financial math function.

### Fixed Costs and Pricing Pressures

- **Ticket Price Threshold:** Ticket prices are approaching a public tolerance threshold. One operator noted that they cannot realistically sell tickets for less than 4,900 ISK, making attendance difficult for young people and families.
- **Rental Markets:** Rent-seeking behavior and rising property values have forced many artists and smaller venues out of the 101 postcode into the suburbs.
- **Grant Dependency:** For DIY spaces like R6013, activity levels are directly correlated with successful grant applications, as external funding is the only way to pay artists and engineers fairly without a bar model.

---

## 3. Regulatory and Structural Barriers

### Noise Complaints and Urban Planning

The "Agent of Change" principle is not yet formally integrated into Reykjavík's city planning, leading to significant friction between cultural spaces and new residential/hotel developments.

- **Frequency Conflicts:** Decibel measurements often fail to account for bass frequencies that cause building vibrations, leading to complaints even when venues stay within legal limits.
- **Restricted Hours:** Venues like Mengi report a voluntary compliance for a limited "sound window" (6:00 PM to 10:00 PM) due to residential and commercial neighbors, effectively banning late-night performances or loud genres.
- **The Hotel Factor:** The rise of hotel bars is viewed as detrimental by some operators. Tourists are encouraged to stay within hotel premises rather than exploring the local scene, and hotel-driven noise complaints have forced established venues like 12 Tónar to cease concerts in favor of "background music."

### All-Ages Accessibility

There is a critical shortage of all-ages venues in the city center.

- **Legal Risks:** Icelandic law is perceived as vague regarding the presence of minors in venues where alcohol is served. To avoid the risk of losing licenses, many operators strictly enforce a 20+ age limit.
- **Youth Disconnect:** The loss of the youth center *Hitt Húsið* in the city center has pushed youth culture to the outskirts, where lack of transport and city-center visibility hampers the development of new bands.

---

## 4. Shifting Audience and Artist Behaviors

### Changing Consumption Habits

- **Post-COVID Inertia:** COVID-19 altered social behaviors, with audiences increasingly preferring to stay home (Netflix, TikTok) or utilizing dating apps (Tinder) rather than traditional social meeting spots like Kaffibarrin.
- **Pre-sale Norms:** Pre-sales are now the dominant form of ticket acquisition. There is very little "door traffic," and audiences are reportedly less likely to take risks on unknown or experimental acts.
- **Tourism Shifts:** Modern tourists are described as "third wave" (middle class, northern lights-focused) rather than the "music-focused" backpackers of previous decades.

### Evolution of Musical Acts

- **Solo vs. Group:** There is a noticeable shift toward solo electronic acts and DJs. This is perceived to be driven by convenience, lower gear requirements, and the financial inability to split fees among 4-5 band members.
- **Tribute Acts:** Tribute shows are currently described as the primary "moneymakers" for some mid-tier venues, while original art is pushed to the periphery.

---

## 5. Strategic Recommendations for Municipal Support

In January 2026, venue operators and industry professionals identified several priority actions for the City of Reykjavik to protect its musical heritage. To paraphrase one venue operator, "You don't want the sustainability of culture to be left up to the market. The market creates monotony."

### Proposed Policy Shifts

- **Cultural Infrastructure Recognition:** The city should formally recognize small venues as cultural infrastructure, similar to libraries or museums, rather than just hospitality businesses.
- **Agent of Change:** Implement policies that protect established venues from noise complaints initiated by new residential or hotel developments.
- **Tax Incentives:** Consider property tax reductions for buildings housing cultural spaces and compensation mechanisms for the lack of VAT reimbursement on live music costs.

### Operational Support

- **Infrastructure Grants:** Reintroduce or expand grants for soundproofing, technical equipment (PA systems, backlines), and accessibility upgrades.

- **Simplified Permitting:** Create a "joint permit" for major city events (Culture Night, Pride) and simplify the process for experienced, reputable operators.
- **City-Owned Spaces:** Explore the creation of city-owned, professionally equipped rehearsal and performance spaces (a "Hafnar.haus for music") that are not dependent on alcohol sales for survival.

"Icelandic music is among the most valuable cultural assets. The cost to the city is small relative to the benefits. Without action, we face a generational break—the end of an era." — *Meeting of Concert Venue Operators, Jan 2026*

---

## 6. The Research

This document represents an in-progress report from an active research study examining the evolution of Reykjavík's live music ecosystem over the past decade. Data collection is ongoing. Additional interviews and statistical analysis will be incorporated in the coming months, and the findings summarized here reflect work completed to date. As further qualitative and quantitative data are gathered, interpretations and conclusions may be refined. The report sets a baseline for a recurring annual survey.

### Statistical Research

This statistical report provides a concise, stand-alone quantitative summary designed to complement the ongoing qualitative research on Reykjavík's live music ecosystem. All data are drawn from Mobilitus' real-time event-scraping system and filtered to include only venues located in postcodes 101, 102, 105, and 107. To ensure reliability, only venues programming  $\geq 9$  events in at least one year (2022–2025) were included, except where otherwise noted.

Mobilitus collects event activity using automated scraping and AI-based classification. The subset used here consists of:

- All identified venues in postal codes 101–107.
- Only venues with 9+ events in any year between 2022–2025 were retained for all calculations. This group contains a total of 77 venues of which between 59-66 are active for each year in the period.

This filtered dataset represents ~89–91% of all live events in each year 2022–2025, indicating strong coverage of the core ecosystem. All analyses were performed in R Studio.

### Qualitative Research

10 venue managers, promoters, and operators were identified in collaboration with Tónlistarborgin Reykjavík to ensure representation across Reykjavík's current live music landscape. The venue categories outlined in the 2017 report *Infrastructure for Live Music Performance in Reykjavík* were used as a starting reference point; however, preliminary research indicated that those classifications no longer fully reflect today's market realities.

In response, the categorization framework was adapted in cooperation with Tónlistarborgin Reykjavík to better capture contemporary conditions and align more closely with Nordic reporting standards used in comparable music city analyses. The updated categories include:

- Concert Venues (primary focus on live music),
- Cultural Institutions with concert facilities,
- Concert Venues with mixed business models, and
- Secondary Live Music Venues.

These preliminary findings outline perceptual shifts across the ecosystem and clarify how stakeholders interpret current pressures and opportunities. However, because data collection remains underway—and because statistical and financial data are still being incorporated—these insights should be understood as provisional and subject to refinement as the full dataset is completed and reviewed.

As the study progresses, interview findings are being provisionally triangulated with a comparative review of earlier reports, including *Infrastructure for Live Music Performance in Reykjavík* (2017), *The Icelandic Music Industry in Numbers* (2018), the *European Music Cities Policy Guide* (2023), and *An Assessment of Facilities for Independent Performing Arts in the Capital Region and Proposals for Improvement* (2025). This comparative analysis is itself preliminary and will deepen as additional interviews, data, and updated statistics are incorporated. At this stage, the cross-report review serves as an initial contextual lens rather than a definitive validation. As the dataset expands, perceptual insights will be more rigorously reviewed against documented structural conditions, strengthening the reliability and clarity of conclusions in the final report.

The interviews included in the following analysis are:

- Ivar Pétur Kjartansson - Austurbæjarbío
- Ægir Sindri Bjarnason - R6013
- Gummi Arnalds - Mengi
- Solveig María Ivarsdóttir and Oddur Atlason - Gamla Bío
- Helga Guðrún -- Regnbogi at Bío Paradís
- Snæbjörn Brynjarsson - Tjarnarbío
- Ægir Dagsson -- Kaffibarrin
- Lárus Jóhannesson and Einar Kristjansson — 12 Tónar
- Sindri Leifsson and Nikulás Yamamoto Barkarson — Nordic House
- Pan Thorarensen — Space Odyssey

#### Authors

**Erla Rún Guðmundsdóttir** is Project Manager of the Rannsóknasetur skapandi greina (Research Center for Creative Industries). She holds a Master's degree in Management and Finance of Cultural and Creative Industries from Bocconi University and Copenhagen Business School. Previously, she served as a specialist at Hagstofa Íslands (Statistics Iceland), where she led the development of

cultural indicators and national cultural statistics. Her work focuses on strengthening research, measurement, and policy frameworks for the cultural and creative industries in Iceland.

**R. Michael Hendrix** is a design leader, educator, and researcher based in Reykjavík. He is Founder and Managing Director of Huldunótur, a design-based growth consultancy. He previously spent 15 years at IDEO, where he served as Partner and Global Design Director, leading human-centered design research and creative capability initiatives across sectors including government, finance, retail, and media. In addition to commercial practice he teaches at Bifröst University and Iceland University of the Arts.